



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra framkvæmdastjóra/oddvita sveitarfélaga

Reykjavík 19. október 2023

2310029SA FMÁ

Málalykill: 01.51

Efni: Pátttaka og framlög sveitarfélaga til stafræns samstarfs 2024

Vegna fjárhagsáætlanagerða sveitarfélaga 2024 fylgir hér samantekt um kostnaðarpátttöku fyrir samstarf sveitarfélaga um stafræna þróun og umbreytingu.

Gert er ráð fyrir nokkru lægri fjárhæðum til samstarfsins í ár en í fyrra. Ástæðan er sú að ríkið fór ekki í tæknilega útfærslu á nokkrum samstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga sem áætluð voru 2023, s.s. vegna farsældarlaga, miðlægrri skráningu barna í grunnskóla og vegna úrgangsmála.

Stafrænt umbreytingateymi sambandsins hefur unnið með stafrænu ráði sveitarfélaga og faghópi um stafræna umbreytingu sveitarfélaga síðan í ágúst að stefnumörkun fyrir samstarfið. Verkaefnaval ársins 2024 er byggt á markmiðum Landsþings sambandsins og stefnumótunarvinnunni, auk samtals við ríkið.

Áður en gerð er grein fyrir verkefnum 2024 er rétt að rifja upp að greiðslur sveitarfélaga til samstarfsins eru þrenns konar:

Skyldugreiðsla

- Skyldugreiðsla allra sveitarfélaga, sem taka þátt í samstarfinu, er fast gjald á ári, samtals 45 milljónir, sem tekur mið af íbúafjölda og fastri fjárhæð 270.000 kr. á hvert sveitarfélag. Þessi fjárhæð stendur straum af launakostnaði, að hluta til, af þriggja manna stafrænu teymi sambandsins. Verkefni teymisins felast m.a. í samráði við sveitarfélög, samráði og hagsmunagæslu við ríkið og við hugbúnaðarhús, samningagerð, greiningu á tæknilegum innviðum, verkefnastjórnun þróunarverkefna, miðlun þekkingar og að gæta að persónuverndarmálum vegna þróunar miðlægra lausna.

Greiðsla vegna tæknilegrar innviða og miðlunar þekkingar sem nýtist öllum sveitarfélögum

- Greiðslur vegna innviðaverkefna sem nýtast öllum sveitarfélögum og koma úr stefnumótunarvinnu samstarfsins og eða aðildar að stafrænni stefnu hins opinbera og nýtingu tæknilegra innviða ríkisins. Áætluð er fjárhæð fyrir hvert verkefni í verkefnaáætlun hvers árs og deilist kostnaður sem prósentuhlutfall út frá íbúafjölda þátttökusveitarfélaga. Skipulag og ákvarðanir varðandi verkefni eiga sér stað skv. samvinnuferli sem útfært hefur verið af stafrænu ráði og

faghópi um stafræna umbreytingu og verkefni eru unnin skv. skipulögðu verkferli. Raunkostnaður er innheimtur í lok hvers árs.

Greiðsla vegna sameiginlegra þróunarverkefna:

- Greiðslur vegna sameiginlegra þróunarverkefna eins og spjallmennis. Aðeins sveitarfélög sem samþykkt hafa þátttöku í verkefnum skv. skipulögðu ferli borga í þeim.

Áætlun um sameiginleg verkefni í stafrænni umbreytingu 2024 og áætlaður kostnaður

Verkefni	Áætlun (m.kr.)
Fast gjald og skyldugreiðsla	45 mkr.
Vegna nýtingar innviða Ísland.is (pósthólf, umsóknarkerfi vegna farsældarlaga, gott að eldast verkefni og skráning í grunnskóla. Byggingar- og skipulagsgátt.	5. mkr.
Miðlun lausna og þekkingaruppbygging á stafrænni hæfni.	3,5 mkr.
Rekstur, hýsing og viðhald lausna inni á Ísland.is og hjá ríki	6 mkr.
Gagnamiðlari vegna Íslands.is og HMS	12 mkr.
Spjallmenni seinni greiðsla (aðeins svf. sem taka þátt)	3,4 mkr.
Samtals:	75 mkr.

Kostnaðartillaga samstarfs sveitarfélaga í stafrænni þróun og umbreytingu ársins 2024 er því samtals um 75 milljónir (45 milljónir fastur kostnaður + 26,5 milljónir fyrir innviðaverkefni og 3,5 fyrir þróunarverkefni (sem 20 sveitarfélög taka þátt í).

Boðið verður upp á Teams fund miðvikudaginn 1. nóvember þar sem sveitarfélög geta spurt spurninga varðandi fjárhagsmatið. [Smelltu hér til að tengjast fundinum.](#) Meeting ID: 326 564 054 234 og passcode:YCrhv.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Fjóla María Ágústsdóttir

leiðtogi stafræns umbreytingateymis og breytingastjóri

Fylgiskjal:

Áætlun um sameiginleg verkefni í stafrænni umbreytingu 2024, excel skjal.